

Smábátatrygging

Upplýsingaskjal um váttryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

SJÓVÁ

Skilmálar nr. 415 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almennum skilmálum](#) Sjóvár og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

Hvers konar trygging er þetta?

Smábátatrygging er trygging fyrir opna fiskibáta og skemmtibáta, alla eðlilega fylgihluti þeirra, vistir og birgðir.



Hvað er tryggt?

Tryggingin greiðir bætur:

- ✓ Vegna altjóns, t.d. ef báturinn ferst eða skemmist það mikið að ekki er hægt að bjarga honum eða gera við hann.
- ✓ Vegna tjóns á bátnum við sjósetningu eða upptöku.
- ✓ Vegna kostnaðar við björgun og ráðstafana við að forða tjóni.
- ✓ Vegna tjóns af völdum innbrota og skemmdarverka.
- ✓ Vegna skaðabótaskyldu eiganda samkvæmt íslenskum réttarreglum.



Hvað er ekki tryggt?

Tryggingin bætir ekki:

- ✗ Skemmdir vegna efnis-, smíða-, eða viðgerðargalla.
- ✗ Tjón sem stafar af því að báturinn var óhaffær þegar hann lét síðast úr höfn.
- ✗ Tjón sem verður við samslátt við bát, skip eða bryggju nema um beina ásiglingu sé að ræða.
- ✗ Óbeint tjón, svo sem aflatjón eða kostnað vegna tafa.
- ✗ Kostnað vegna skaðabótakröfu frá eiganda eða útgerðarmanni.



Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

- ! Tryggingin bætir ekki tjón sem rakið verður til stríðs, óeirða, uppþots, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilega atburða.



Hvar gildir tryggingin?

- Tryggingin gildir á meðan báturinn er í fiskveiðilandhelgi Íslands.



Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á váttryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér ber að fara eftir varúðarreglum í skilmálum.



Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú getur dreift greiðslum með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.
- Fyrirtækjadreifingu, þar sem hægt er að greiða iðgjöld með mánaðarlegum greiðslum.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnæsta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.